

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laugarás, Hrafnista.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar þann 17. september 2010 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Hrafnistu við Laugarás. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Melar, norðan Hagamels.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 23. september 2010 nýtt deiliskipulag fyrir Mela, norðan Hagamels. Staðgreinir 1.540. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Vogar, sunnan Skeiðarvogs.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti borgarráð Reykjavíkurborgar þann 2. september 2010 nýtt deiliskipulag fyrir svæði sunnan Skeiðarvogs sem afmarkast af Sæbraut, Suðurlandsbraut og skólalóðum Vogaskóla og Menntaskólans við Sund. Áður staðfestar og samþykktar skipulagsáætlanir á svæðinu falla úr gildi við samþykkt þessa. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar, 18. nóvember 2010.

Ólöf Örvarsdóttir.